

Skólanámskrá Arakletts Klettur 14 mánaða til 3 ára

| GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR | LÆSI | SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI | HEILBRIGÐI OG VELFERÐ | LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI | JAFNRÉTTI | SKÖPUN |
|-------------------------------|--|---|--|--|--|---|
| Fjölgreindir Gardners. | Málgreind, rök- og stærðfræðigreind. | Umhverfisgreind. | Líkams- og hreyfigreind. | Samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind. | Samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind. | Rýmisgreind, tónlistargreind, umhverfisgreind. |
| Proskapættir | Málþroski, vitsmunaproski, félagsþroski, fagurþroski, líkams- og hreyfiþroski. | Vitsmunaproski, hreyfiþroski og fagurþroski. | Líkams- og hreyfiþroski, vitsmuna- og félagsþroski. | Vitsmunaproski, félagsþroski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski. | Vitsmunaproski, tilfinningaproski, líkams- og hreyfiþroski. | Fagurþroski, hreyfiþroski, vitsmunaproski, félagsþroski, málþroski og tilfinningaproski. |
| HÆFNI (Almennt) | | | | | | |
| | Hæfileikinn til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur. Leikni og lipurð með texta og tungumál. | Hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis. | Hreyfigeta og færni til líkamstjóningar, dans- og íþróttaiðkunar. | Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. | Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. | Hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögum og formum. Hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist. |
| MARKMIÐ | | | | | | |
| | Að barnið auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum. Eigi virk jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng. Fái tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru. | Að barnið upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenski veðráttu. Að það kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi sínu og umgangist náttúruna af virðingu. Hafi frjálstan aðgang að fjölbreyttum efniviði og áhöldum. Upplifi sjálfsbær vinnubrögð skólans. | Að barnið fái fullnægt hreyfiþörf sinni í öruggu umhverfi leikskólans og efli með því hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu. Það þrói með sér jákvæða líkamsvitund og eigi kost á alhliða hreyfingu. Að barnið fái tækifæri til að reyna á sig og slaka á. Að það finni til öryggis í umhverfi sínu og upplifi gleði og vellíðan. | Að barnið finni að borin er virðing fyrir þörfum þess og að foreldrar og kennarar séu bakhjarlar þess. Að barnið skynji öryggi í samskiptum og treysti því að þörfum þess sé mætt. Að það kynnist helstu hátíðum í íslensku samfélagi og síðum sem tengjast þeim. Að barnið æfist í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum. | Að barnið upplifi jafnrétti sem sjálfsagðan hlut í daglegu skólastarfi og geti treyst á að þörfum þess sé mætt ásamt því að skoðanir þess séu virtar. Að það fái tækifæri til að hjálpa sér sjálft við daglegar athafnir og njóti trausts til þess að finna eigin lausnir. | Að barnið fái virkjað sköpunarkraft sinn og fái tækifæri til að vinna með og kynnast fjölbreyttum efniviði og áhöldum til tjáningar. Það upplifi að borin er virðing fyrir verkum þess og það beri virðingu fyrir verkum annarra. Barnið fái tækifæri til að tjá sig um verk sín. Þroski með sér frumkvæði, frjálsta, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist myndlist og öðru skapandi starfi. |
| LEIÐIR | | | | | | |
| AÐLÖGUN | | | | | | |
| | Börnin kynnast umhverfinu, starfsfólki og öðrum börnum á deildinni. Þau eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við önnur börn og starfsmenn. | Börnin kynnast starfsemi leikskólans með foreldrum sínum og taka þátt í gildandi hefðum og reglum. | Börnin skynja jákvæða strauma í aðlöguninni, að foreldrar eru með og að þau séu velkomin. | Börnin fá þann tíma sem þau þarfnast og þörfum þeirra sem einstaklingum er sinnt. Þau upplifa að á þau er hlustað. | Börnin læra að vera hluti af samfélagi leikskólans og finna sig vera hluta af hópi. | Börnin fá tækifæri til að prófa fjölbreyttan efnivið og takast á við nýjar áskoranir. |
| LEIKUR | | | | | | |
| | Börnin taka þátt í hlutverkaleik þar sem þau læra að greina milli leiks og alvöru. Aðgengi að efniviði sem hvetur til samskipta og | Börnin hafa aðgang að náttúrulegu leikefni, tækjum og tólum til að kanna umhverfi sitt. Efniviður sem | Börnin finna til öryggis í leikskólanum. Þau hafa aðgang að skapandi og hvetjandi | Börnin fá tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun í daglegu starfi t.d. er varðar leik, leikefni og leiksvæði. Það er hlustað á óskir þeirra og þarfir. Þá fá | Börnin upplifa að allir hafi jafnt vægi í barnahópnum og framkoma innan deildarinnar einkennist af virðingu og vinsemd. Drengir og stúlkur hafa | Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu efni og áhöldum sem hvetur til sköpunar og ýtir undir rannsóknareðli þeirra. Þau upplifa |

| | | | | | | |
|--|--|---|---|---|---|---|
| | leiks t.d. bókum er greitt. Starfsfólk er til staðar og hlustar, hvetur og setur orð á hluti og athafnir. Börnin heyra fjölbreytt og vandað mál. Þau kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Fjölbreytt úrval söngtexta er sungið í söngstund þar sem börnin læra texta og taka þátt í söng. | hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda er til taks, t.d. í könnunarleik. Farnar eru vettvangsferðir í nærumhverfi þar sem börnin upplifa leikinn í fjölbreyttri náttúru og kynnast lífríkinu í nánasta umhverfi. | efniviði úti sem inni þar sem þau fá alhliða hreyfiþörf sinni fullnægt í gegnum leikinn. Þau reyna á sig og slaka á. Þau finna að borin sé virðing fyrir líkamlegri virkni og þörfinni fyrir að hreyfa sig. Þau upplifa gleði og takast á við ógrandi viðfangsefni bæði í skipulögðum og frjálsum verkefnum. Börnin taka þátt í dansi og jógaæfingum. | tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu. | sama aðgang að leikefni og fá sömu hvatningu. Í barnahópnum fá allir tækifæri til að tjá sig. | að borin er virðing fyrir verkum þeirra og annarra. Fjölbreytt tónlist er spiluð fyrir barnahópinn. |
| AÐ KOMA OG FARA, KLÆÐA SIG Í OG ÚR, ÚTIVERA OG VETTIVANGSFERÐIR | | | | | | |
| | Það er tekið hlýlega á móti börnunum og þau heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. Starfsfólk setur orð á allar athafnir í leikskólanum. Rætt er um veðrið, klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu og kenndar þulur er tengjast klæðnaði. Börnin eiga jákvæð samskipti sín á milli og við starfsfólk í fataklefa og vinna saman. | Athygli er vakin á umhverfinu t.d. dýrum, plöntum. Börnin fara í útiveru í flestum veðrum. Vakinn er athygli á formum, fjölda og táknum í umhverfinu. Farnar eru vettvangsferðir í nærumhverfinu t.d. með efni til endurvinnslu. | Börnin fá tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og leikefni á útisvæði er fjölbreytt. Börnin fá ráðrúm til að hjálpa sér sjálf í fataklefanum eins og þau ráða við eftir þroska og getu. | Rætt er við börnin um viðeigandi fatnað með illiti til veðurs. Börnin fá tækifæri til að velja ef svo þær undir og þau fá góðan tíma til að hjálpa sér sjálf miðað við þroska og getu. | Börnin fá jöfn tækifæri til að tjá sig og lagt er upp úr með að allir litir eru jafnhæfir (t. d. varðandi klæðnað) fyrir bæði kynin. | Börnin hafa aðgang að náttúrulegum efniviði á útisvæði og í vettvangsferðum. Vakinn er athygli á litum og hljóðum í umhverfinu. Börnin fá notið tónlistar, þau heimsækja bókasafnið og fara á listsýningar sem eru í boði. |
| HÓPASTARF OG SAMVERA | | | | | | |
| | Börnin hlusta á sögur, rím og þulur. Þau fá tækifæri til að tjá hugsanir sínar og athafnir á margvíslegan máta. Börnin tjá sig um verk sín og deila með öðrum eins og þroski og geta leyfa. | Unnið er með náttúrulegan efniviði úti og inni. Börnin hlusta á sögur og skoða bækur með kennurum um dýrin, plönturnar og umhverfið. Vakinn er athygli á árstíðunum og veðrinu. Sungnir eru söngvar og farið í leiki sem ýta undir talningu, stærðir, liti og fjölda. Börnin taka þátt í athöfnum skólans er tengjast endurvinnslu og sjálfbærni. | Farið er í ýmsa hreyfi-, söng- og dansleiki sem efla alhliða hreyfiþroska. Börnunum er jafnframt kennt að koma sér þægilega fyrir og slaka á. Hreyfiþörf barnanna er virt og þeim ekki ætlað að sitja of lengi kyrr. | Börnin kynnast og taka þátt í samfélagslegum hefðum og hátíðum. Lagt er upp með að börnin finni til vellíðunar og hálægðar og að þau séu hluti af hópnum. Börnin fá að velja söngva og sögur. | Í barnahópnum er stuðlað að því að allir fái tækifæri til að tjá sig. Börnunum er hjálpað að átta sig á margbreytileika, s.s. mismunandi hæfni, menningu, litarhátum og fjölskyldugerðum. | Fjölbreyttur og skapandi efniviður er aðgengilegur í hópastarfi. Börnin taka þátt í sameiginlegum verkefnum. Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína t.d. í gegnum myndlist, tónlist og dans. Hlustað er á fjölbreytta tónlist, klappað, stappað og slegið í takt. Sungnir eru söngvar, farið með þulur og ljóð. Börnin fá skipulagða danskennslu og stunda jógaæfingar. |
| MATARTÍMI | | | | | | |
| | Lagt er uppúr að matartímar séu notaleg stund þar sem mikil nálægð er við starfsmenn. Þar | Rætt er um hvaðan maturinn kemur og að við viljum fara vel með hann. Börnin fá að borða | Börnin fá góðan tíma til að borða í rólegu umhverfi. Þau fá tækifæri til | Börnin hafa sitt fasta sæti við matarborðið til að skapa öryggi. Þau fá að ráða hve mikið er sett á | Öll börnin fá tækifæri til að mettast. Rætt er um mismunandi þarfir og venjur t.d. að sumir mega | Rætt er um liti, áferð, lykt og bragð. Börnin kynnast ólíkum matarhefðum, |

| | | | | | | |
|-------------------------|--|--|---|---|--|--|
| | gefst tækifæri til samræðna um matinn og annað sem ber á góma. | utandyra þegar tækifæri gefst til. Það er saman eitt barn, einn diskur, ein hnifapör. Tækifæri til talningar er gripið. | að matast sjálf, smyrja og hella í glös eftir atvikum. Börnin hjálpa til við að leggja á borð og ganga frá. | disk þeirra eins og þroski og geta leyfir. | ekki borða allan mat vegna óþols eða ofnæmis. | gömlum og nýjum síðum ásamt mat frá öðrum löndum. Lagt er upp úr fallegum borðsíðum og að stundum þarf að bíða og sýna tillitssemi |
| SVEFN | | | | | | |
| | Hlustað er á rólega tónlist, raulað fyrir börnin eða lesnar sögur. Sköpuð ró og notalegheit. | Hlustað er á hljóðin í húsinu, eða í sjónum og vindinum og önnur umhverfishljóð. | Lagt er upp úr að börnin skynji hvíldartímann sem rólega og notalega stund þar sem þau ná að hvílast og finni að þau eru örugg. | Börnin fá að hvílast/sofa eins lengi og þau þurfa. | Börnin eiga sitt pláss, sitt rými í hvíldarstund og mismunandi þörfum er mætt. | Hlustað er á þögnina, rólega tónlist eða annað sem verkar róandi á börnin. |
| LÍKAMLEG UMHIRÐA | | | | | | |
| | Rætt er notalega við börnin við bleyjuskipti og á salerninu. Þar er meðal annars rætt um líkamshlutana og orð sett á allar athafnir. | Börnin þvo sér sjálf eftir útiveru og fyrir máltíðir. Fingur og tær eru taldar sem og annað sem börnin veita athygli í umhverfinu. | Börnin fá ráðrúm til sjálfshjálpar, t.d. við að klæða sig sjálf og að þvo sér. | Börnin fá tækifæri til að tjá sig um þarfir sínar, eins og þroski og geta leyfa, og þeim er fullnægt. Börnin fá aðstoð við að hætta með bleyju. | Mismunandi þörfum í barnahópnum er mætt af virðingu. | Börnin nota hlífðarföt við vinnu sem þess krefst. Þau þvo sér sjálf um hendur eftir vinnuna og ganga frá áhöldum. |

Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir í samvinnu við **Tröppu ráðgjöf**. Byggt á Aðalnámskrá leikskóla, Fjölgreindarkenningu Howards Gardners (Fjölgreindir í skólastofunni eftir Thomas Armstrong) og stuðst við námskrá leikskólans Álfaheiði í Kópavogi.